

Stjórnarfundur Leiðsagnar 31.01.2024. Kl. 18.00.

Mættir: Snorri Steinn Sigurðsson (SSS), Halldór Kolbeins (HK), Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), Hallfríður Þórarinsdóttir (HÞ), Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ), Jóhanna Magnúsdóttir (JM). HÞ og JM eru á fjarfundi.

Kl. 18:03 fundur settur.

Dagskrá:

1. Lögmæti stjórnarfundar
2. Verkefnaskipting
3. Aðalfundur
4. Önnur mál

1. Lögmæti stjórnarfundar.

Vegna skyndilegrar afsagnar formanns Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur (JFF) og ritara Dóru Magnúsdóttur (DM) þann 28. janúar s.l., varð að boða til þessa fundar með skemmri tíma en lög gera ráð fyrir. Enginn setur sig upp á móti því og telst fundur því lögmætur.

2. Verkaskipting.

Eftir afsögn JFF og DM verða breytingar á stjórn. Varaformaður Snorri Steinn tekur við formannsembætti, Halldór Kolbeins tekur sæti varaformanns, Hallfríður Þórarinsdóttir tekur við stöðu ritara og Sigurður Albert tekur sæti aðalmanns. Guðný Margrét Emilsdóttir heldur áfram sem gjaldkeri og Jóhanna Magnúsdóttir verður áfram varamaður.

Formaður biður HK að taka að sér að koma viðræðunefnd í gang – fundur verður haldinn hjá henni kl. 20:00, 01.02.2024. Það er samþykkt. Sigurður Albert tekur að sér að fara í kjarabrotamál. Guðný Margrét gjaldkeri verður ein með prókúru. Formaður hefur rætt við aðalbókara félagsins um ársreikninga, sem eru í vinnslu. Smá umræða skapaðist um fyrirkomulag á greiðslum. Þ.e. hvort formaður þyrfti að samþykkja hvern einasta reikning sem bærir félaginu eða einungis reikninga sem eru utan fastra reikninga. Formaður kannar hvað vinnulag er lögmætt í slíkum tilvikum. SAÁ lætur eyðublað til útfyllingar frá Ríkisskattstjóra, nr. 1730 Tilkynning um breytingu á stjórn/prókúru.

3. Aðalfundur

Það þarf að boða aðalfund skv., lögum félagsins eins fljótt og auðið er. Skv. lögum skal halda aðalfund f.o.m. 1.apríl og til maíloka. Hugmyndir um dagsetningu ræddar og reglur um hvenær þurfi að skila inn framboði, hvenær kosningar hefjast o.fl., lengd kjörtímabíla m.t.t. til þeirra breytinga sem orðið hafa á stjórn. Fallist var á að boðað yrði til aðalfundar, sem haldinn verður fimmtudagskvöldið 4. apríl n.k.

4. Önnur mál.

- a. SSS segir frá því að blóm hafi verið keypt vegna andláts og útfarar Bjarna Bjarnasonar, sem var fyrsti formaður Leiðsagnar og lést fyrir stuttu síðan.
- b. Málafni félagsmanns v. styrkveitingar úr Endurmenntunarsjóði. Samþykkt var að áréttta í tölvupósti kröfu um skil á verkefni, sem ekki hefur verið uppfyllt þrátt fyrir að skiladagur sé löngu liðinn. Samþykkt að senda viðkomandi líka samskonar kröfu í ábyrgðarpósti.
- c. Aðildargjald. Venjulega hefur aðildargjald verið sent út með skýringum um hvað felist í því. Núna brá svo við að fráfarandi formaður sendi út gjaldheimtu eftir að hún sagði af sér og því án þess að hafa umboð til þess. GME, segir að þetta hafi verið gert án vitundar gjaldkera (hennar). Efir nokkrar umræður um hvað felst í aðildargjaldi ásamt umræðu um lögmæti innheimtunnar í ljósi þess að fráfarandi formaður hafi ekki haft umboð var fallist var á með öllum greiddum atvæðum - utan GME, sem sat hjá - að senda út fréttatilkynningu á félagsmenn um afturköllun innheimtunnar. Tilkynningin felur í sér skýringar um ólögmæti kröfunnar og jafnframt að ný krafa með útskýringum um hvað aðildargjaldið felur í sér verði send út fljótlega.

4.c. Undirrituð GME leggur fram eftirfarandi bókun. Að kanna skuli dagsetningu kröfu aðildargjalds (10.000), þ.e. hvenær sendi fráfarandi formaður JFF út kröfur um aðildargjaldið til félagsmanna. Voru kröfurnar um aðildargjaldið búnar til í "kerfinu" þ.e. í heimabanka Félagsins áður en fráfarandi formaður sagði af sér þ.e. á tímabilinu frá föstudegi (26.01.24. kl. 21:00) til sunnudags (28.01.24. kl. 17:53)? Ef svo er ætti að falla frá því að endurkalla kröfurnar sem þegar hafa verið sendar til félagsmanna. Eins telur undirrituð að ganga skuli úr skugga um hjá ASÍ hvort núverandi formaður SSS tók við embætti sínu sem formaður á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar þ.e. þann 31.01.24. eða strax eftir að fráfarandi formaður JFF sendi út tilkynningu um afsögn sína til trúnaðarráðs þann 28.01.24.; kl. 17:53. Ef núverandi formaður SSS tók við embætti sínu á fyrsta stjórnarfundum Leiðsagnar þann 31.01.24. þá telur undirrituð að falla skuli frá endurgreiðslu krafa aðildargjalds félagsmanna sem þegar hafa verið greiddar til Félagsins og jafnframt skuli krafan um greiðslu aðildargjaldsins ekki vera endurkölluð, heldur fái að standa í heimabanka félagsmanna til greiðslu.

Guðný Margrét Emilsdóttir

Fundi slitið kl. 19:14.